

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum  
(skatthlutfall og fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna, sbr. a- og b-lið 1. gr. nýsamþykktra laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014:

- a. Í stað „25%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 25,3%.
- b. Í stað „25%“ tvívegis í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 25,3%.

### 2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. skal fjárhæð skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. vera 3.480.000 kr. vegna ársins 2014.

### 3. gr.


Ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda 2014 og álagningu 2015.

Ákvæði 2. gr. öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014 er boðað að miðþrep í tekjuskatti einstaklinga lækki úr 25,8% í 25% frá og með 1. janúar 2014 og hefur sú breyting þegar verið lögfest, sbr. lög um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki). Jafnframt hefur ríkisstjórnin lýst yfir því að hún hyggist beita sér fyrir heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu í áföngum með einföldun að markmiði. Í ljósi stöðu kjaraviðræðna er í frumvarpi þessu lögð fram tillaga um aðra útfærslu á framangreindri breytingu. Lagt er til að skatthlutfall í miðþrepi tekjuskatts einstaklinga verði 25,3%, jafnframt því að efri mörk lágsta þreps tekjuskatts hækki í 290 þús. kr. á mánuði frá og með 1. janúar 2014. Að teknu tilliti til hækkunar launavísitölu síðastliðna tólf mánuði hefðu mörkin að óbreyttu orðið 256 þús. kr. á mánuði. Þessi breyting felur það í sér að þeir tekjulægri fá meiri ábata af breytingunni en áður eins og fram kemur á eftirfarandi skýringarmynd. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er áfram stefnt að því að tekin verði frekari skref í átt til einföldunar skattkerfisins þegar við framlagningu frumvarps til fjárlaga 2015.

Steingrímur J. Sigfússon, Árni Páll Árnason og Guðmundur Steingrímsson standa að flutningi málsins með fyrirvara.



*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæðið kveður á um breytingu á tekjuskattshlutfalli manna í miðþrepi tekjuskatts úr 25% samkvæmt nýsamþykktum lögum í 25,3%.

Um 2. gr.

Í 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna er kveðið á um að fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, þ.e. tekjuviðmiðunarmörkin milli skattþrepanna, skuli taka breytingum í upphafi árs í réttu hlutfalli við hækkun á launavísitölu frá upphafi til loka næstliðins tólf mánaða tímabils.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað uppfærslu í takt við breytingar á launavísitölu verði fjárhæðarmörk af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna 3.480.000 kr. á árinu 2014.

Um 3. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.